

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Sveitarfélaginu Ölfusi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 14. gr. samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi nr. 60/2004. Gjaldi þessu er ætlað að standa undir kostnaði við hreinsun og losun rotþróa.

2. gr.

Gjald fyrir hreinsun rotþróa fyrir árið 2007 skal vera eftirfarandi:

Rotþró 2000-2999 lítra	kr. 8.800 pr.þró
Rotþró 3000-4000 lítra	kr. 10.800 pr.þró
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 12.800 pr.þró
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 2.200 pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé minni en 10 metrar, fyrir hverja 10 metra umfram það skal eigandi greiða kr. 1.600.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. nóvember 2006, og er í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. ákvæði samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi, nr. 60/2004.

Ölfusi, 15. desember 2006.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2007